

# Skýrsla Æskulýðsdeildar Skagfirðings 2025



## Efnisyfirlit

|                                                     |           |
|-----------------------------------------------------|-----------|
| <b>Frá formanni. ....</b>                           | <b>3</b>  |
| <b>Nefndin á starfsári 2024-2025.....</b>           | <b>4</b>  |
| <b>Fræðsla og námskeið 2024-2025 .....</b>          | <b>5</b>  |
| Stígandi - Vikustarf:.....                          | 5         |
| Léttfeti - Helgarstarf:.....                        | 6         |
| Svaði - Blandaður hópur .....                       | 6         |
| Glæsir - Keppnisþjálfun:.....                       | 7         |
| <b>Æskan og hesturinn.....</b>                      | <b>8</b>  |
| <b>Tekið til kostanna .....</b>                     | <b>9</b>  |
| <b>Fjórðungsmót .....</b>                           | <b>9</b>  |
| <b>Íslandsmót börn – unglingar – ungmenni.....</b>  | <b>10</b> |
| <b>Fjáröflun fyrir starfið 2025.....</b>            | <b>11</b> |
| <b>Félagsstarfið á árinu.....</b>                   | <b>11</b> |
| Bíó .....                                           | 11        |
| Piparkökur og píla/pool .....                       | 12        |
| Skeið-sýnikennsla.....                              | 12        |
| Uppskeruhátíð æskulýðsdeildar Skagfirðings .....    | 13        |
| <b>„Félagshestar“ .....</b>                         | <b>14</b> |
| <b>Námskeið á haustönn 2025 - vorönn 2026 .....</b> | <b>14</b> |
| <b>Yfirreiðkennari .....</b>                        | <b>16</b> |
| <b>Framtíðin .....</b>                              | <b>17</b> |
| <b>Að lokum .....</b>                               | <b>18</b> |

## Frá formanni.



Það að stýra öflugu æskulýðsstarfi er ekki auðvelt verk en það er jafnframt eitt mikilvægasta verk innan allra hestamannafélaga. Þessir krakkar eru framtíð félagsins og því þarf að hlúa vel að öllu sem þeim tengist. Nú hef ég mitt fyrsta ár sem formaður æskulýðsdeildar Skagfirðings eftir að hafa verið starfandi ritari í nokkur ár, en ég tek við öflugu félagi frá fráfarandi formanni henni Heiðrúnu Ósk Jakobínudóttur sem á heiður

skilinn fyrir sitt starf síðustu ár. Jafnframt eru starfandi í nefndinni reynsluboltar í hverju horni sem er svo mikilvægt til að starfið gangi sem best. Við erum stórhuga fyrir þetta ár, ætlum að halda áfram með gamalt og gott sem hefur sannað sig og bæta nýju við, s.s. hestafimleikum, kynbótanámskeiði, hestanuddnámskeiði og fleira auk þess að hafa öfluga fjáröflun.

Ég hef verið í hestamennsku allt mitt líf en var aldrei mikið inn í félagsstörfum félagsins enda tíðkaðist það eiginlega ekki í minni fjölskyldu komandi úr sveitinni, en þá voru krakkarnir sem bjuggu á Sauðárkróki meira í æskulýðsstarfinu þrátt fyrir að ég hafi riðið út á hverjum degi. Þegar stelpan mín fékk síðan óbilandi áhuga á hestum og byrjaði í starfinu fór ég fljótlega inn í nefndina og sá þá það öfluga starf sem átti sér stað þar, en þessi störf eru oft leynd og fólk gerir sér ekki grein fyrir allri vinnunni sem liggur að baki. Það er nefnilega svoléiðis að hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér. En þrátt fyrir vinnuna sem liggur að baki er vinnan öll þess virði þegar maður sér krakkana sem voru ef til vill að stíga sín fyrstu hikandi skref fyrir nokkrum árum ríða inn á keppnisvöllinn full öryggis, þeysa um holt og hæðir í reiðtúrum og þjálfra hestana sína með bros á vör, orðin þroskaðri og reynslumeiri knapar og vita það að æskulýðsstarfið á sinn þátt í öllu þessu ferli. Við höfum sem áður framúrskarandi reiðkennara starfandi við deildina okkar sem eru í þessu starfi af fullum huga, þau eru hugmyndarík og ná svakalega vel til krakkanna, vinna vel saman og krakkarnir koma aftur í kennslu til þeirra ár eftir ár með bros á vör með ný markmið. Ég leyfi mér að segja að framtíðin er björt í hestamannafélaginu okkar með þessa frábæru nefnd í fararbroddi, ásamt flottum reiðkennurum og harðduglegum og skemmtilegum krökkum og hlakka ég til næstu ára!

## Nefndin á starfsári 2024-2025

Eygló Gunnlaugsdóttir, formaður

Sonja Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, gjaldkeri

Embla Dóra Björnsdóttir, ritari

Hjördís Elfa Sigurðardóttir

Luka Dreiner

Jóhanna Heiða Friðriksdóttir

Hafdís Arnardóttir

Anna Baldvina Vagnsdóttir

Inga Dóra Ingimarsdóttir

Auður Inga Ingimarsdóttir

Halla Margrét Sigurðardóttir

Stefanie Wermelinger





## Fræðsla og námskeið 2024-2025

Mikilvægur hluti fræðslustarfs er að geta boðið upp á námskeið sem hæfa mismunandi aldri og getustigum, og börnin hafa möguleika á því að fara upp um þjálfunarstig á mismunandi námskeiðum. Eins og áður notuðum við nöfn gömlu skagfirsku hestamannafélaganna til þess að greina námskeiðin í sundur. Vikustarfið er nefnt eftir **Stíganda**, helgarnámskeiðið heitir **Léttfeti** og blandaði hópurinn okkar er nefndur **Svaði**.

Keppnisþjálfun sem kennd var á vorönn og fram á sumar fékk nafnið **Glæsir**, en það er hestamannafélagið á Siglufirði og eru því öll nöfnin héðan af svæðinu.

### Stígandi - Vikustarf:

**Stígandi - Vikustarf** er námskeið sem hugsað er fyrir krakka **10 ára og eldri**. Námskeiðið er kennt á mánudögum og miðvikudögum frá klukkan 18:00. Hver tími er 30 mínútur. Námskeiðið er samsett af bóklegum tímum, verklegum hóptímum, paratímum og einkatímum. Alls voru sautján krakkar sem sóttu námskeiðið. Það var mjög gaman að sjá krakkana verða öruggari knapa, læra betur á hestinn sinn og mátti sjá greinilegar framfarir hjá hverjum og einum þegar leið að vori. Í þessu starfi var lögð mikil áhersla á ásetu og stjórnun ásamt reiðleiðum og

gangtegundum. Krakkarnir voru mjög dugleg að taka þátt í vetrarmótum Skagfirðings sem var ánægjulegt, þau eru dugleg að styðja og hvetja hvort annað og það hefur mikið að segja. Reiðkennarar vikustarfsins fylgdu krökkunum á öllum þeim mótum sem þau tóku þátt í og voru þeim innan handar með leiðsögn og hvatningu. Hópurinn var mjög samheldinn og skemmtilegur í vetur.



## Léttfeti - Helgarstarf:



**Léttfeti - Helgarstarfið** okkar er námskeið sem er hugsað fyrir krakka frá **tveggja ára aldri til 10 ára**. Námskeiðið er kennt á laugardagsmorgnum frá kl. 10:00 og er hver tími 30 mín. Námskeiðið er samsett af verklegum og bóklegum tímum. Alls voru 16 nemendur á vorönn. Mikil áhersla er lögð á leiki, stjórnun og jafnvægi á þessu námskeiði. Þarna erum við að sjá svakalegar framfarir hjá yngstu krökkunum okkar. Alltaf er

skemmtilegast að fara í eltingaleiki eins og klósettaleikinn, ná buffi af hvort öðru og litaleikurinn stendur alltaf fyrir sínu. Dimmalimm er líka mjög skemmtilegur og krefjandi þar sem stjórnun skiptir höfuðmáli. Þau hafa æft sig að ríða hlið við hlið sem getur verið afar krefjandi og krakkarnir verða mjög einbeitt í að halda línunni sem þjálfar þau vel í stjórnun. Einnig notum við hindrunastökk töluvert en Æskulýðsdeildin fjárfesti í slíkum græjum fyrir nokkru og hefur það verið gríðarlega vinsælt hjá krökkunum. Krakkarnir sem sóttu þetta námskeið voru mjög dugleg að mæta á þau mót sem buðu upp á pollaflokk og það er alltaf jafn gaman að sjá þau brosa upp í stúku að leita að þeim sem þau þekkja og það að heyra nafnið sitt í hátalarakerfinu er hápunkturinn.

## Svaði - Blandaður hópur

**Svaði** er námskeið sem er fyrir hóp af krökkum sem eru **mitt á milli** Léttfeta og Stíganda, hugsað fyrir unga krakka sem eru langt komin í hestamennsku miðað við aldur og þurfa meiri áskorun og eldri krakka sem eru nýliðar og/eða þurfa meiri þjálfun í stjórnun og jafnvægi. Þessir tímar voru kenndir á laugardögum og mánudögum. Fjórar harðduglega hestastelpur stunduðu þetta námskeið í vetur með mikilli ákveðni og gleði. Þetta námskeið undirbýr nemendur fyrir komandi námskeið sem er þá Stígandi (vikustarf). Þarna fara kennarar fram á meiri stjórnun og nákvæmni heldur en það sem er í Léttfeta (helgarstarf). Þetta námskeið tókst gríðarlega vel og var mikil ánægja meðal nemanda að fá að gera meira og reyna meira á sig. Mikið var beðið um að ríða stökk og hindrunastökk enda miklar kúrekastelpur þarna ferð. Alltaf stutt í gleði og hlátur sem gerir þetta svo skemmtilegt.

## Glæsir - Keppnisþjálfun:



**Glæsir - Keppnisþjálfun** er námskeið fyrir krakka **eldri en 10 ára** sem ætla sér á keppnisbrautina og/eða vilja þjálfa sig í nákvæmari og agaðri reiðmennsku, ásamt því að þjálfa hestinn sinn markvisst með gangskiptingar, þjálni og jákvæðni að leiðarljósi. Kennslan er annars vegar bóklegir tímar og hinsvegar verklegir einkatímar, ásamt því að fara í heimsóknir á ræktunarbú, fá sýnikennslur og hlusta á fyrirlestra. Reiðkennarar á þessu námskeiði voru Finnbogi Bjarnason og Unnur Rún Sigurpálsdóttir. Áður en námskeiðið hófst var búið að skipuleggja

allan veturinn. Krakkarnir skiluðu sér vel á öll mót, bæði innan félags sem utan og voru okkur til mikils sóma. Mikil áhersla var lögð á að krakkarnir okkar hefðu alltaf kennara með sér á mótum, sér til halds og trausts alveg frá upphitun og eftir að keppni lauk. Þátttaka var góð og voru alls tólf börn skráð. Á vetrarnámskeiðinu voru 12 nemendur og á sumarnámskeiðinu voru þau níu Það er gaman að fylgjast með og sjá þessa krakka eflast og verða að ennþá betri knöpum en þau voru, til þess er leikurinn gerður og það skilaði sér svo greinilega.





## Æskan og hesturinn

Hátíðin æskan og hesturinn var haldin hátíðleg á Akureyri þetta árið. Eins og í fyrra þurfti að fresta sýningunni vegna veðurs en það kom nú ekki að sök og kom fjöldi frábærra atriða til leiks þann 1. maí í blíðskaparveðri. Að venju tóku Léttismenn vel á móti okkur og útveguðu hesthúsapláss fyrir hesta þátttakenda. Allir gestir sýningarinnar byrjuðu á að fá sígilda grillaða pylsu eftir vel heppnaða generalprufu. Við tók frábær sýning þar sem fjöldi þátttakenda hestamannafélaga á Norðurlandi sýndu listir sínar. Skagfirðingur sendi 3 atriði á sýninguna í þetta skiptið. Riddarar og prinsessur úr Skagafirði sýndu glæsilega munsturreið í fullum skrúða á einhyrningunum sínum, pollarnir okkar sýndu ævintýri yngstu kynslóðarinnar en þar komu hinar ýmsu ævintýrapersónur fram undir sögulestri og að lokum var keppnisþjálfun með atriði þar sem þau sýndu mismunandi gangtegurnir og sýndu bestu eiginleika keppnishestanna sinna. Að lokum var öllum gestum boðið í vöfflu eftir einstaklega vel heppnaðan dag.



## Tekið til kostanna

Tekið til kostanna er hestasýning sem skipar stóran sess í hestamannahjartanu í Skagafirði. Sýningin í ár var algjörlega mögnuð og margir góðir gæðingar sem teknir voru til kostanna föstudagskvöldið 3.maí í Svaðastaðahöllinni. Krakkarnir okkar úr vikustarfinu voru með fyrsta atriði eftir setningaratriði og sýndu þessir mögnuðu krakkar glæsilega munsturreið sem þau voru búin að æfa stíft allan apríl, sama atriði og þau sýndu nokkrum dögum áður á Æskan og hesturinn.

Krakkarnir okkar sýndu þetta kvöld að þau geta nákvæmlega allt sem þau ætla sér, samvinnan var algjör við að passa hvert einasta smáatriði í sýningunni þeirra, og var eins og þau hefðu aldrei gert neitt annað en að koma fram fyrir fullri reiðhöll, bókstaflega negldu það og settu markið hátt fyrir þá sem á eftir komu.

## Fjórðungsmót

Krakkarnir í keppnisþjálfun í vetur settu sér bæði skammtíma og langtímamarkmið. Flest langtímamarkmið þeirra tengdust Fjórðungsótinu í sumar. Veturinn var byrjaður á bóklegum tíma í vetur með smá upprifjun á keppnisreglum, leiðarar í íþrótt og gæðingakeppni, beislisbúnaður og markmiðasetningu. Kennararnir aðstoðuðu þau við að setja sér markmiðin og fylgja þeim eftir. Boðið var upp á keppnisþjálfun frá janúar- maí og annað námskeið frá maí og fram yfir



Fjórðungsmót. Félagsmót Skagfirðings var einnig úrtaka fyrir Fjórðungsmót. Á úrtökunni skiptu kennarar verkum á milli sín þar sem annar aðstoðaði knapa við upphitun og tók á móti eftir sýningu á meðan hinn horfði á og punktaði niður frá því sem knapinn sýndi í brautinni. Skagfirðingur sendi átta fulltrúa í barnaflokk, tvo í unglingaflokk og þrjá í ungmennaflokk. Reiðkennarar félagsins, Unnur Rún Sigurpálsdóttir og Finnbogi Bjarnason voru með hverjum knapa yfir allt mótið og aðstoðaði við undirbúning, upphitun og eftir að sýningu lauk. Í barnaflokki voru



Sigrún Ása Atladóttir & Spes frá Dúki, Auður Fanney Davíðsdóttir & Rosti frá Hæl, Emily Ósk Andrésdóttir Dreiner & Eldjárn frá Hellulandi, Margrét Katrín Pétursdóttir og Söldís frá Sauðárkróki sem endaði rétt undan við úrslit stóðu sig frábærlega og allar á sínu fyrsta stórmóti. Í B-úrslit fóru þær systur Arnheiður Kristín Guðmundsdóttir með Spræk frá Fitjum (8.26) & Elísa Hebba Guðmundsdóttir með Austra frá Litlu-Brekku (8.08). Í A-úrslitum var Hreindís Katla Sölvadóttir með Bárð frá Króksstöðum í sjöunda sæti og í þriðja sæti Sigríður Elva Elvarsdóttir með Muna frá Syðra-Skörðugili (8.56) einungis einni kommu frá því fyrsta. Í unglingaflokki stóðu báðir okkar fulltrúar sig vel. Greta Berglind Jakobsdóttir og Hágangur frá Miðfelli 2 riðu til B-úrslita í gæðingakeppni og A-úrslita í tölti og Sigrún Sóllilja Eypórsdóttir með Steinrík frá Gullberastöðum riðu einnig til B-úrslita. Í ungmennaflokki var Katrín Ösp Bergsdóttir með heimaræktuðu hryssuna Hátíð frá Narfastöðum og einkunnina 8.50 en einnig í úrslitum var Ólöf Bára Birgisdóttir með Jarl frá Hrafnagili ogsömu einkunn. Halla Margrét Sigurðardóttir og Gullbrá frá Veðramóti sýndu góða sýningu einnig. Við erum mjög stolt af krökkunum okkar sem mörg hver voru á sínu fyrsta stóra móti og margir persónulegir sigrar þennan daginn.

## Íslandsmót börn – unglingar – ungmenni

Á Íslandsmóti barna og unglinga í ár átti félagið góða fulltrúa. Sigríður Elva Elvarsdóttir keppti á sínu fyrsta Íslandsmóti með frábærum árangri. Hún reið Muna frá Syðra-Skörðugili til B-úrslita í fjórgangi og endaði þar í 8.sæti ásamt því að vera í A-úrslitum í tölti T3 með einkunnina 6.43. Einnig voru þau í A-úrslitum í barnaflokki gæðinga þar sem þau enduðu í fimmta sæti með einkunnina 8.60! Í unglingaflokki var Greta Berglind Jakobsdóttir með Hágang frá Miðfelli 2 en þau sigruðu B-úrslit í unglingaflokki



gæðinga og enduðu í fjórða sæti með einkunna 8.62! Hjördís Halla Þórarinsdóttir reið til B-úrslita í fimmgangi á Fák frá Oddhóli en þau hlutu 6.13 í einkunn. Á mótinu voru Elvar Einarsson og Þórarinn Eymundsson til halds og trausts.

## Fjáröflun fyrir starfið 2025

Eins og vitað er þá vaxa peningar ekki á trjánum og til að eitthvað geti verið gert þarf að standa í fjáröflunum. Í ár seldum við páskaegg frá Sambó sem er orðin hefð og er þátttaka alltaf góð og öruggur peningur í því.

Fisk Seafood á Sauðárkróki hefur síðustu ár blásið til umhverfis dags þar sem þau gefa pening fyrir hvern einstakling sem kemur og týnir rusl í umhverfinu okkar og rennur sá peningur beint í íþróttagreinar í Skagafirði. Hestamannafélagið lét ekki sitt eftir liggja og mætti stór hópur í verkefnið í ár eins og síðustu ár og tóku til hendinni í hesthúshverfinu okkar. Þessi dagur endar svo með hressingu í húsnæði Fisk seafood að Sandeyri. Þetta framtak er mjög dýrmætt og mikilvægt fyrir íþróttafélögin fá stuðning frá stórum fyrirtækjum á svæðinu.

Haldið var jólabingó í desember sem gekk mjög vel, vegna mikillar aðsóknar árið á undan ákváðum við að flytja bingóið yfir í reiðhöllina svo plássið var vel nægjanlegt í þetta skiptið. Við fengum fullt af frábærum vinningum sem fyrirtæki og einstaklingar í firðinum voru svo rausnarleg að gefa og allir fóru sáttir heim og var því ákveðið að þetta yrði árlegt hjá félaginu.

## Félagsstarfið á árinu

### Bíó

Æskulýðsdeildin bauð ungum iðkendum á námskeiðum æskulýðsdeildar á hestamyndina Sigurvilji í Króksbíó en sú mynd er heimildarmynd og Sigurbjörn Bárðarson, landsliðsþjálfara. Sýningin var mjög vel sótt og var mikil ánægja meðal krakkanna með þetta framtak sem höfðu gaman af myndinni og veltu ýmsu fyrir sér í reiðtíma eftir myndina.

### Hólaheimsókn

Sem hluti af námskeiðum Stíganda, Svaða og Glæsis fóru iðkendur í heimsókn í Hólaskóla ásamt yfirreiðkennara og fengu að skoða aðstöðuna og fræðast um námið á Hólum og allt annað sem þau vildu vita. Ingunn Ingólfsdóttir reiðkennari í

æskulýðsstarfinu og á Hólum tók á móti krökkunum og fylgdi þeim um svæðið. Boðið var upp á ratleik þar sem ýmsar spurningar um hesta litu dagsins ljós, og þurftu krakkarnir að hlaupa um allt svæðið til að finna allskonar svör, m.a. hversu margir gráir hestar væru í húsinu, hversu margar hjólbörur og hvernig sokkarnir hennar Ingunnar væru á litinn en þetta kom nú keppnisskapinu aldeilis af stað hjá þáttakendum. Allir krakkarnir fengu sleikjó í lok ratleiksins og heimsóknin endaði á brennibolta í reiðhöllinni þar sem kennarar og þeir foreldrar sem voru með voru hvattir til þátttöku.

## Piparkökur og píla/pool

Krakkarnir í Stíganda og Svaða fóru í sínum síðasta tíma fyrir jól að skreyta piparkökur saman, horfðu á jólamynd og spiluðu pílu & pool. Er þetta mikilvægur hluti félagsstarfsins okkar, þ.e. að krakkarnir hittist utan reiðtíma og hafi gaman saman því að það hristir hópinn saman.

## Skeið-sýnikennsla

Haldin var sýnikennsla fyrir alla krakkana í æskulýðsstarfinu – þau fengu að koma með nokkrar hugmyndir í upphafi tímabils um hvað þeim þætti áhugaverðast að sjá. Flest voru þau sammála um að vilja sjá og vita meira um gangtegundina skeið sem og skeiðþjálfun. Finnbogi og Unnur Rún voru með sýnikennslu þar sem farið var yfir þjálfun skeiðs, grunninn, gangskiptingar og fleira sem hafa þarf í huga við þjálfun skeiðs.



## Uppskeruhátíð æskulýðsdeildar Skagfirðings



Uppskeruhátíð æskulýðsdeildar félagsins var haldin hátíðleg þann 12. október og var hún ágætlega sótt. Boðið var upp á pizzu, snakk og djús og fóru því allir saddir og sælir heim. Allir þáttakendur Léttfeta fengu verðlaunapening, nammi og viðurkenningarskjal, þáttakendur Stíganda, keppnisþjálfunar og Svaða fengu nammi og viðurkenningarskjal fyrir þátttöku í starfinu auk þess að hver einstaklingur fékk sérstakt hrós, t.d. fyrir góða reiðmennsku, vel hirtan hest, góða ástundum, jákvætt viðhorf og fleira sem kennarar starfsins fundu fyrir hvern og einn nemanda. Sex knapar voru tilnefndir sem knapi ársins í barnaflokki en það voru þær Arnheiður Kristín Guðmundsdóttir, Auður Fanney Davíðsdóttir, Emily Ósk Andrésdóttir Dreiner, Hreindís Katla Sölvadóttir, Margrét Katrín Pétursdóttir og **Sigríður Elva Elvarsdóttir en sú síðastnefnda hlaut titilinn knapi ársins í barnaflokki hjá Skagfirðingi.** Sigríður Elva átti frábært ár en hún var meðal annars í þriðja sæti á Fjórðungsmóti í Borgarnesi og í úrslitum í fjórgangi, tölti og gæðingakeppni á Íslandsmóti. Sigríður sigraði félagsmót Skagfirðings á Muna frá Syðra-Skörðugili. Þess má geta að allir tilnefndu knapar ársins tóku fullan þátt í starfi æskulýðsdeildarinnar allan veturinn. Í unglingaflokki voru 4 knapar tilnefndir en það voru þær Greta Berglind Jakobsdóttir, Hjördís Halla Þórarinsdóttir, Sigrún Sóllilja Eypórsdóttir og Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir. Fór það svo að **Greta Berglind Jakobsdóttir hlaut titilinn knapi ársins í unglingaflokki** eftir glæstan árangur á keppnisbrautinni með Hágang frá Miðfelli en þau riðu meðal annars til B-úrslita í unglingaflokki og í þriðja sæti í tölti á Fjórðungsmótinu og í A-úrslitum í gæðingakeppni á Íslandsmóti eftir að vinna B-úrslitin. Á Hólamótinu voru þau í 2.sæti í fjórgangi og þriðja sæti í tölti. Allir tilnefndir fengu verðlaunagripni auk þess sem knapar ársins fengu farandbikar og bikar til eignar.



## „Félagshestar“

Í ár bauð deildin upp á leiguhesta fyrir börn sem hafa ekki verið í félagsstarfinu eins og fyrra ár en það gaf gífurlega góða raun. Þetta gefur krökkum sem hafa ekki aðgang að hrossum, hesthúsi eða reiðtygjum en hafa brennandi áhuga á hestamennsku tækifæri til að taka þátt í námskeiðum á vegum deildarinnar.

Formaður Skagfirðings, Elvar Einarsson á Skörðugili, bauðst til að lána hesta sem og reiðtygi eins og fyrra ár en Embla Dóra Björnsdóttir og Davíð Logi Jónsson lánuðu einnig eitt hross eftir áramót þar sem þáttakan var mikil.

Leigðar voru stíur í hesthúsahverfinu á Sauðárkróki þar sem eigandi hesthússins, Hörður Þórarinnsson, sá um gjafir og hirðingu hrossa og var til taks þegar krakkarnir mættu á námskeið til aðstoðar. Þar læra börnin þá ábyrgð sem fylgir því að halda hesta og hvað þarf að gera svo að hrossinu líði vel.

Hestarnir voru notaðir bæði í viku- og helgarstarfinu. Þetta skref teljum við mjög mikilvægt í nýliðun þar sem þetta opnaði dyrnar fyrir börn og unglinga sem ekki koma úr hestafjölskyldum og hafa því ekki aðgang að hrossum. Þarna er tækifæri fyrir þau að koma inn í hestamennskuna og taka sín fyrstu skref undir leiðsögn. Reynt var að halda kostnaði við leigu á hesti í lágmarki og telur æskulýðsdeild og stjórn þetta mikilvægt skref til nýliðunar í félagsstarfinu.

Á haustönn 2025 verða aðeins breytingar á þessari hlið starfsins, en þau Ingimar Pálsson og Inga Dóra Ingimarsdóttir lána 2 hesta og Elvar Einarsson lánar 1 hest og reiðtygi. Auk þess verða allir leiguhestar staðsettir í hesthúsi Ingimars sem mun sjá um gjafir og hirðingu hrossanna.

## Námskeið á haustönn 2025 - vorönn 2026

Við munum halda áfram með námskeiðin sem við höfðum á fyrra ári og bætum við ásetu- og jafnvægisnámskeiði sem við höfum haldið áður við góðar undirtektir.

Einnig fengum við Merle Storm til þess að koma og halda örnámskeið í byrjun október í *hestanuddi* og var það ágætlega sótt og var mikill áhuga hjá nemendum að fá framhaldsnámskeið með sínum eigin hestum.

Í október buðum við upp á *hestafimleikanámskeið* yfir eina helgi og fengum við handa margreyndu Kathrin Schmitt til að sjá um það, en hestamannafélagið Þytur hefur stundað hestafimleika síðustu 15 ár undir hennar stjórn. Einnig hefur hún farið í önnur hestamannafélög út á landi og haldið vinsæl námskeið en það er nú í fyrsta sinn hér í Skagafirði. Hestafimleikar eru frábær og skemmtileg viðbót í hestamennskuna og auka fjölbreytileikann í æskulýðsstarfinu. Þetta námskeið var mjög vel sótt og alls tóku 18 krakkar þátt sem skipt var upp í tvo hópa eftir aldri. Áhuginn var mikill og er verið að skoða þann möguleika að bjóða upp á lengri námskeið.

*Frumtamninganámskeið* er haldið af félaginu í samstarfi með yfirreiðkennara þar sem Inga María S. Jónínudóttir kennari en þar fá unglingar og ungmenni kennslu við tamningar og mæta í einn bóklegan tíma og átta verklega með sitt tryppi.

Með vorinu verður haldið kynbótanámskeið sem miðað er við unglinga og ungmenni sem eru áhugasöm um að læra meira um kynbótastarfið í hestamennskunni og vilja fá kennslu og handleiðslu á brautinni. Kennari verður Finnbogi Bjarnason. Farið verður yfir fyrirkomulag kynbótasýninga, rætt verður um reglur og dómskalann, farið verður yfir mælingar á hrossum verklega, þjálfun hrossa, gefin verða góð ráð og aðstoðað verður við undirbúning á kynbótasýningu með verklegum tímum á kynbótabraut. Stefnt er að því að hafa einn fyrirlestur, eina sýnikennslu, þrjá til fimm verklega tíma, sköpulagsdóm og loks reiðdóm. Kynbótadómari kemur og dæmir hrossin og gefur góð ráð.

Námskeiðin sem við bjóðum upp á þetta árið eru því eftirtalin:

- **Léttfeti - Almennt reiðnámskeið fyrir yngri félagsmenn**
- **Stígandi - Almennt reiðnámskeið fyrir börn og unglinga**
- **Svaði - námskeið fyrir börn meira vön og sjálfstæð**
- **Glæsir - Keppnisnámskeið fyrir börn/unglinga/ungmenni**
- **Ásetu og jafnvægisnámskeið**
- **Nuddnámskeið hjá Merle Storm**
- **Frumtamninganámskeið**
- **Fimleikanámskeið hjá Kathrin Schmitt**
- **Kynbótanámskeið fyrir unglinga og ungmenni**

# Yfirreiðkennari

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Vera með faglega umsjón með skipulagningu og mótun á afreksstarfi félagsins
- Gerð námskrár og skipulagning námskeiða barna og fullorðinna
- Hafa yfirumsjón með þjálfun og kennslu yngri flokka
- Móta framtíðarstefnu félagsins í kennslu og námskeiðahaldi
- Stuðningur við æskulýðsdeild tengt viðburðum og hittingum
- Umsjón barna og unglinga fyrir mót félagsins, Íslandsmót, Landsmót og eftirfylgni á stærri mótum.
- Skipulag auglýsinga og skráninga í samvinnu við æskulýðsdeildina



## Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði reiðmennsku og reiðkennslu auk reiðkennararéttinda
- Viðtæk reynsla af skipulagningu og framkvæmd á reiðkennslu
- Mikil skipulagsfærni og hæfni til að hafa góða yfirsýn yfir verkefni
- Reynsla af gerð námskrár
- Lipurð í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Góð tölvufærni nauðsynleg
- Krafa um hreint sakavottorð

Yfirþjálfari skal vera hvetjandi og sýna frumkvæði. Eins og fyrra ár var samið við Skagfirðingsfélagann Unni Rún Sigurpálsdóttur og hefur hún skilað verulega góðu starfi og er hvetjandi fyrir krakkana.

## Framtíðin

Við erum stórhuga enda er liðsheildin okkar sterk og drífandi og vill gera sem best fyrir krakkana okkar. Okkur langar auðvitað alltaf að gera meira og betur og erum stöðugt að hugsa um hvað má gera betur eða öðruvísi.

Það er margt framundan veturinn 2025-2026, við höldum áfram námskeiðahaldi og reynum að bjóða upp á eitthvað fyrir alla. Ásetu og jafnvægisnámskeið var haldið um miðjan september þar sem fjórtán krakkar mættu en á báðum námskeiðum voru hestar og reiðtygi sköffuð af hestamannafélaginu. Við buðum upp á hestanuddnámskeið og fimleikanámskeið í október en bæði námskeiðin voru velsótt. Með vorinu ætlum við að bjóða upp á kynbótanámskeið og eru margir spenntir fyrir þeirri nýjung.

Við ætlum að vera dugleg að hafa hittinga og samverustundir utan kennslutíma, m.a. Kahoot kvöld, jólabingó sem er í senn fjáröflun og samvera ásamt ýmsu öðru. Við erum spennt fyrir heimsóknum um fjörðinn, fyrirlestrum frá sérfræðingum og áframhaldandi samstarfi við félögin á Norðurlandi. Í desember ætlum við að hafa „jólaslútt“ með öllum þátttakendum námskeiða æskulýðsdeildar þar sem við ætlum að hafa gaman saman og skreyta piparkökur, spila o.fl. Einnig ætlum við að bjóða upp á svokallað „bling námskeið“ fyrir jólin þar sem hver og einn getur skreytt sitt eigið höfuðleður undir leiðsögn.

Fjárafíanir þurfa alltaf að vera í gangi til að hægt sé að gera eitthvað skemmtilegt með krökkunum og kaupa nýjan og betri búnað og erum við alltaf með augun opin fyrir því hvað er hægt að gera til að búa til pening fyrir starfið. Erum við með margar nýjar hugmyndir auk þess sem gamlir og góðir liðir, s.s. jólabingó, páskaeggjasala o.fl.munu vera aftur. Mest hlakkar okkur samt til að vera með krökkunum okkar og sjá þau ná markmiðum sínum, taka framförum og hlæja með þeim. Við eigum ofboðslega mikið af flottum og duglegum krökkum og eru það forréttindi að fá að leika með þeim ár eftir ár.



## Að lokum



Eins og komið hefur fram er öflugt æskulýðsstarf ekki gert úr engu. Við erum mjög heppin að eiga marga duglega og klára einstaklinga sem eru tilbúnir að vinna fyrir okkur og með okkur. Það er ótrúlegt hvaða markmiðum er hægt að ná ef allir leggjast á eitt og eru tilbúnir að fórna tíma sínum fyrir krakkana okkar.

Starfið okkar er gríðarlega metnaðarfullt.

Nefndarmenn eru hoknir af reynslu þegar kemur að félagsstörfum, skipulagi og vinnusemi, því er starfið gríðarlega öflugt. Óeigingirni, samvinna og vinnugleði er sennilega það sem einkennir nefndina hvað mest.

Til að ná markmiðum og verða betri íþróttamaður þarf að hafa góða kennara og leiðbeinendur. Það höfum við svo sannarlega. Það gefur okkur skýra mynd af gæðum kennaranna að sjá uppskeru krakkanna okkar, bæði sem íþróttamenn og almenna knapa. Kennari er nefnilega ekki bara kennari. Allir okkar kennarar eru svo miklu miklu meira. Þau eru félagar, stuðningur, pepparar, húmoristar, leiðbeinendur og huggarar. Það er dýrmætt fyrir krakkana okkar að alast upp með kennurum sem hugsa um þeirra hag, vilja sjá þau blómstra og gefa sér góðan tíma fyrir hvern og einn. Við erum heppin að hafa hjá okkur öflugan og metnaðargjarnan hóp kennara og leiðbeinenda sem fá stuðning frá nefndinni til að byggja upp öflugt starf sem skilar öflugum knöpum, með góðar minningar úr æskulýðsstarfi, hvað svo sem þau ætla sér í framtíðinni.

Framtíðin er björt!